



31. fundur stjórnar LH 2024-2026
12. desember 2025 kl. 16:30
Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Mætt úr aðalstjórn: Linda Gunnlaugsdóttir, Ólafur Gunnarsson, Sveinn Heiðar Jóhannesson, Ólafur Þórisson.

Mætt úr varastjórn: Ragnhildur Gísladóttir, Hilmar Guðmannsson, Sigurbjörn Eiríksson, Jón Þorberg Steindórsson.

Á fjárfundi: Reynir Atli Jónsson, Sóley Margeirsdóttir, Þórhildur Katrín Stefánsdóttir

Forföll boðaði: Unnur Rún Sigurpálsdóttir.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir.

Einnig mætt: Hinrik Sigurðsson starfsmaður keppnisnefndar, Hulda Gústafsdóttir, Sigurbjörn Bárðarson, úr keppnisnefnd og Stefán Ágústsson varamaður GDLH í keppnisnefnd. Jón Magnússon úr reiðveganefnd. **Formaður setur fund og stýrir fundi.**

1. Samþykkt fundargerða 27., 28., 29. og 30. fundar

Keppnisnefnd LH kemur inn á fund

2. Keppnisnefnd LH

Keppnisnefnd LH kemur inn á fund til að ræða helstu málefni sem þar eru á dagskrá.

Mætt frá nefndinni: Hinrik Sigurðsson starfsmaður keppnisnefndar, Hulda Gústafsdóttir formaður keppnisnefndar, Sigurbjörn Bárðarson úr keppnisnefnd og Stefán Ágústsson varamaður GDLH í keppnisnefnd

Tillaga fyrir FEIF-þing um Gæðingakeppni

Ísland, ásamt öðrum Norðurlöndum leggur tillögu fyrir FEIF-þing 2026 um að keppnisgreinin gæðingakeppni fari undir regluverk FEIF. Rætt um í hvaða farveg sé æskilegt að málið fari innan FEIF en málið hefur áður verið til umræðu á FEIF-vettvangi án þess að vera til lykta leitt. Rætt um hvort reyna eigi að koma á svipuðu fyrirkomulagi og á kynbótahluta innan FEIF, þ.e. að reglurnar séu undir regluverki FEIF en íslenskt fagråd fjalli um og gefi álit á öllum breytingum. Stofna þarf fræðslunefndir í löndunum og tryggja aðila frá Íslandi til að kenna og innleiða reglurnar með kennslufni frá LH.

Vænlegast til árangurs að beina málinu til umfjöllunar í Sportnefnd FEIF, og leggja til að til framtíðar verði skipaður einn aukafulltrúi í sportnefnd FEIF og Ísland leggði til fjármagn til að standa straum af kostnaði við aukafulltrúa í nefndinni.

Afgreiðsla: Samþykkt að senda ítarlegri greinargerð með tillögunni til FEIF með nánari útfærslu á framkvæmd. Í greinargerðinni verði lagt til að fyrirkomulag gæðingakeppnisreglna undir FEIF verði með sambærilegum hætti að fyrirkomulag kynbótareglna FEIF, LH standi straum af kostnaði við innleiðingu regluverksins hjá FEIF. Rýna þarf gæðingakeppnisreglurnar fyrir landsþing og tryggja að þær séu uppfærðar.

Nýjar spjaldareglur í regluverki FEIF

Nýjar spjaldareglur verða til atkvæðagreiðslu á aðalfundi FEIF í lok janúar. Almenn ánægja er með nýjar reglur og vonir bundnar við að þær verði samþykktar.



Fulltúar keppnisnefndar víkja af fundi.

3. Reiðleiðir og hagsmunagæsla – Jón Magnússon formaður reiðveganefndar LH kemur inn á fund VÍÐA er þrengt er að reiðleiðum í skipulagsmálum og er það mikið áhyggjuefni. Leita þarf leiða til að koma hagsmunum hestamanna að á skipulagsstigi. Í útboðum þegar verið er að malbika vegi er skilt að gera reiðfært meðfram vegum skv. samkomulagi LH og Vegagerðarinnar en víða er brotalöm á því. Fjallað er um þjóðleiðir og alfaraleiðir í náttúruverndarlögum og að skylt er að halda reiðleiðum opnum. Það er hlutverk hvers hestamannafélags að fylgjast með skipulagsmálum á sínu sitt svæði.

Rætt var um skiptingu reiðvegafjár, nauðsynlegt er að hafa skriflegar leiðbeinandi reglur um hvernig fé er úthlutað á milli félaga og svæða.

Afgreiðsla: Nauðsynlegt er að finna leiðir til að ná eyrum sveitarfélaga. LH falið að semja texta sem formenn geta sent á sitt sveitarfélag, til að óska eftir aðkomu að borðinu á skipulagsstigi. Setja myndbandið frá samgöngustofu reglulega í umferð á samfélagsmiðlum LH. Minna þarf hestamenn á að sýna tillitssemi og ganga vel um.

Formaður reiðveganefndar víkur af fundi.

4. Virkni nefnda og fundargerðir
- a. Ýta þarf á formenn nefnda að skila fundargerðum til LH.
Hvernig getum við virkjað nefndafólk? Góð umræða sem skapaðist.

Afgreiðsla: Framkvæmdastjóra falið að ýta á nefndir að skila fundargerðum og það gerist strax. Rætt um form sem hægt er að nota og framkvæmdastjóra falið að kára formið.

- b. Mönnun og hlutverk menntanefndar
Þörf er á að bæta við tveimur nefndamönnum, sérstaklega einhverjum sem hafa þekkingu á knapamerkjum og þjálfarstigum ÍSí. Útvíkka þyrfti hlutverk menntanefndar, til dæmis að útbúa fræðsluefni fyrir byrjendur, þörf er á breiðara úrvali af kennsluefni. Lagt er til að Reynir Atli Jónsson og Karen Woodrow taki sæti í menntanefnd.

Afgreiðsla: Samþykkt. Framkvæmdastjóra falið að kanna áhuga tveggja aðila að auki, á að taka sæti í nefndinni.

5. Stefnumótun – næstu verkefni LH
Farið yfir samantekt um stefnumótunarvinnu frá formannafundi
Afgreiðsla: Stjórnarfólki falið að skoða gögnin vel og koma með athugasemdir á næsta fundi.
6. Skrifstofan, starfsmenn og fjármálin – framhaldsumræða frá fundi 5. nóvember
Afgreiðsla: frestað.
7. FEIF þingið



Tillögur sem liggja fyrir aðalfundi FEIF hafa verið birtar, keppnisnefnd falið að fara yfir breytingartillögur um keppnisreglur.

8. Horses of Iceland – staðan

Samningur við ríkið um HOI rennur út um áramót. Verkefnastjórn vinnur að því að fá fund með ráðherra til að ræða áframhaldandi samstarf.

9. Áherslur stjórnar 2026

Góð og gagnleg umræða um helstu áherslur stjórnar fyrir 2026. Hver og einn stjórnarmaður ræddi um hvaða málefni viðkomandi vildi setja í forgrunn.

Áherslur stjórnarfólks var á almenningisíþróttina, grasrótina, skipulagsmál, reiðvegamál, og æskulýðsmál ásamt því að setja meiri þunga á Norðurlandamót en verið hefur sl. ár. Einnig menntamál, nýliðun og Landsmót 2026. Formaður lagði til að á heimsíðu LH verði þema í hverjum mánuði um mál sem tengjast hinum almenna hestamanni.

10. Dagskrá funda 2026

Lagt er til að stjórn fundi mánaðarlega yfir vetrartímann. Formanni falið að leggja fram drög að fundadagskrá.

11. Önnur mál.

a. *Ályktun frá Fagráði í hrossarækt.*

Fagráð í hrossarækt beinir þeim tilmælum til stjórnar LH að endurskoða dagsetningu Íslandsmóts vegna mikils annríkis í kynbótasýningum á sama tíma.

Afgreiðsla: Málið rætt.

b. *Erindi frá Sigurbirni Bárðarsyni varðandi Íslandsmet frá 2003*

Með upptöku rafræns tímatökubúnaðar í skeiði ákvað FEIF árið 2011 að gömul met sem sett voru með handklukkumælingum yrðu varðveitt þaðan í frá sem sérstök handklukkumet og nýr metalisti tekinn í gagnið með sem mæld eru með rafrænum hætti. Sigurbjörn óskar eftir að Íslandsmet sem hann setti á hestinum Óðni frá Búðardal sem var sett á Íslandsmóti 2003 og var staðfest þá, sé virt og kynnt sem gildandi Íslandsmet í 250 m skeiði.

Á landsþingi LH 2018 var eftirfarandi samþykkt:

Allsherjarnefnd fjallaði um þingskjal nr 20 og lagði til að það yrði samþykkt.

Þingskjal nr 20

61. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Akureyri 12. og 13. október 2018, samþykkir að skráning á Íslandsmetum verði framkvæmd með sama hætti og gert er hjá alþjóðasamtökum íslenska hestsins, FEIF. Jafnframt verður haldið utan um eldri met og þau birt samhliða gildandi metum.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr 20. Engin kvað sér hljóðs. Tillagan var því borin upp til atkvæða. Hún var samþykkt samhliða, engin á móti.

Afgreiðsla: Stjórn LH er einróma um að samþykkt landsþings frá árinu 2018 gildir.



- c. Erindi frá Erni Karlssyni; Landsþing 2024 samþykkti að skipaður yrði starfshópur sem hefði það hlutverk að skilgreina hugtakið gæðingur.

Framkvæmdastjóra falið að upplýsa ÖK um að starfshópurinn hafi verið skipaður og muni skila sinni vinnu í síðasta lagi þann 1. apríl nk. Jón Þorbergur stýrir vinnuhópnum og kallar saman hópinn.

Fundi slitið kl. 19:45